

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. ágúst 2020

30. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p>MICHELSEN 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
 TAG Heuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		

Fá risastyrk frá ESB

Sprotafyrirtækið Greenvolt fékk 300 milljóna styrk til að þróa rafhlöður með nanótækni. Koma upp aðstöðu hér á landi.

2

Þrýstingur á arðsemi

Útlit fyrir að arðsemiskrafa Landsvirkjunar geri það að verkum að raforkuverð til stórnotenda verði ósamkeppnishæft næstu ár.

6

Ferðabjónustan með tíu prósent iðgjalda

Iðgjöld einstaklinga hjá Sjóvá vögu upp samdrátt hjá fyrirtækjum á öðrum ársfjórðungi.

8

Endurskoðun tímabær

Mikilvægt er að vinna hefjist sem fyrst um hvernig eigi að takast á við á hækkanði lífaldur og lægri ávöxtun, segir framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs.

9

Í sögulegu lágmarki

Lægri ávöxtun á skuldabréfum kann að hafa veruleg áhrif á rekstrarlíkan íslenska lífeyrissjóðskerfisins, segir hagfræðingur SFF.

10



Leita skjóls þegar úrræðin þrýtur

Hertar aðgerðir á landamærunum geta ýtt ferðabjónustunni í greiðsluskjól. Greiðslufrestur og uppsagnarfrestur renna bráðum út. Hótelin endurskoða áform fyrir veturinn. ➔ 6

Þegar búið er að taka þetta allt saman kemur í ljós að sumarið varð dýrara en búist var við.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Hótel Saga var með 400 milljóna neikvætt eigið fé

Afar ólíklegt er talið að nýr fjárfestar fáist til að leggja Hótel Sögu, sem rekur 236 herbergja hótél undir merkjum Radisson Blu og veitingahúsið Grillið, til aukið hlutafé svo halda megi rekstrinum áfram gangandi, en hótelið tapaði 402 milljónum króna í fyrra og var með neikvætt eigið fé upp á 393 milljónir króna í árslok 2019.

Hótel Saga, sem er í eigu Bændasamtaka Íslands, óskaði eftir tíma-bundnu greiðsluskjöldi í byrjun júlí til þriggja mánaða til að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Þar hefur meðal annars verið horft til þess að fá inn nýtt hlutafé og að endursemja við stærsta lánardrottin hótelsins. Systurfélag Hótel Sögu er Bændahöllin ehf., sem er eignarhaldsfélag um 20 þúsund fermetra byggingu og hýsir meðal annars Hótel Sögu, en tekjur þess félags koma fyrst og fremst frá hótélstarfsemi og námu samtals 583 milljónum króna á árinu 2019.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi Bændahallarinnar námu vaxtaberandi skuldir við viðskiptabanka félagsins, Arion banka, um 3,3 milljörðum króna í ársbyrjun. Þær skuldir voru að hluta í erlendri mynt – samtals um 833 milljónir – og hefur höfuðstóll þeirra því hækkað talsvert það sem af er árinu, samtímis um 15 prósent gengisveikingu krónunnar. Fasteign félagsins við Hagatorg er bókfærð á um 4,7 milljarða króna en eigið fé Bændahallarinnar var um 1.160 milljónir í árslok 2019. Á meðal eigna Bændahallarinnar er víkjandi krafa á Hótel Sögu að fjárhæð 336 milljónir en um er að ræða viðskiptakröfur sem var breytt í langtímalán.

3,3

milljörðum námu vaxtaberandi skuldir Bændahallarinnar í árslok 2019.

» Hverfandi líkur eru sagðar á því að hægt verði að fá nýja fjárfesta til að koma með aukið fjármagn í rekstur Hótel Sögu.

Samkvæmt heimildamönnum Markaðarins, sem þekkja til stöðu mála, eru hverfandi líkur á að hægt verði að fá nýja fjárfesta til að koma að rekstrarfélaginu. Nokkrir aðilar, meðal annars stórir erlendir aðilar sem koma að hótélrekstri í Evrópu, hafa sýnt hótelinu áhuga, en hann beinist þá fremur að mögulegum kaupum á fasteigninni heldur en sjálfu rekstrarfélaginu. Sigurður Kári Kristjánsson lögmaður var skipaður sérstakur umsjónarmaður með fjárhagslegri endurskipulagningu Hótel Sögu og samskiptum við kröfuhafa og lánardrottina.

Rekstur Hótel Sögu var orðinn afar erfiður fyrir COVID-19 en nú hafa tekjurnar, líkt og annarra hótela á höfuðborgarsvæðinu, nánast horfið en Ingibjörg Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hótel Sögu, sagði fyrr í sumar tekjurnar vera innan við 10 prósent af því sem þær voru á sama tíma fyrir ári. – hae



Stuart Bronson fjármálastjóri og Ármann Kojic, framkvæmdastjóri Greenvolt. MYND/ADSEND

Greenvolt fékk 300 milljóna styrk frá ESB

Stefna á að bjóða nanóefni til sölu í umhverfisvænar rafhlöður eftir um tvö ár. Hefðbundnar rafhlöðuverksmiðjur geta nýtt tæknina. Munu reisa aðstöðu til að framleiða nanóefni á Íslandi. Vilja bjóða öðrum sprotum að nýta hana.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Sprotafyrirtækið Greenvolt, sem þróar rafhlöður morgundagsins með nanótækni, hlaut 1,9 milljóna evra styrk, jafnvirði um 300 milljóna króna, frá Evrópusambandinu (ESB) til að þróa tæknina áfram, vegna þess hve öflug og umhverfisvæn hún er. Í hönd fer vinna svo hægt verði að bjóða nanóefni til sölu í umhverfisvænar rafhlöður eftir um tvö ár. Þetta segir Ármann Kojic, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, í samtali við Markaðinn.

„Við komumst í gegnum mikla síu hjá Evrópusambandinu. Þetta er því mikil viðurkenning á okkar vinnu,“ segir hann.

Hægt er að hlada nanórafhlöður hraðar en hefðbundnar rafhlöður, þær geta geymt meiri orku og eru úr umhverfisvænum efnum.

Ármann segir að ESB sé með markmið í umhverfismálum, sem lúti til að mynda að endurnýjanlegri orku og minni sóun. Til að auka líkur á að framtíðarsýnin rætist, leggi ESB allt að 300 milljónir evra í þróun umhverfisvænnar tækni. Verkefnið gangi undir nafninu „Green Deal“.

Fram kemur í erlendum fjölmiðlum að hvert fyrirtæki gat fengið allt að 2,5 milljóna evra styrk og 15 milljóna evra fjárfestingu í hlutafé. 64 fyrirtæki fengu fé í þessari úthlutun. ORF Líftækni var í þeim

Village Global í hluthafahópnum

Á meðal hluthafa í Greenvolt er fjárfestingarsjóðurinn Village Global sem meðal annars er fjármagnaður af Bill Gates, stofnanda Microsoft; Jeff Bezos, stofnanda Amazon, Reid Hoffmann, stofnanda LinkedIn; Evan Williams, stofnanda Twitter, og fleirum. Sjóðurinn fjárfestir í fyrirtækjum sem eru að stíga sín fyrstu skref.

Iceland Venture Studio, sem Bala Kamallakharan stýrir, er einnig á meðal fjárfesta. Aðrir í hluthafahópnum fyrir utan starfsmenn Greenvolt eru englafjárfestar, íslenskir og erlendir, auk lögmannsstofu sem sérhæfir sig í einkaleyfum.

hópi og fékk 2,5 milljóna evra styrk.

Samhliða áframhaldandi þróun tækninnar hyggst Greenvolt nýta fjármunina til að koma upp aðstöðu hér á landi til að framleiða nanóefni fyrir rafhlöður. Ármann segir að hugmyndin sé að bjóða öðrum nýsköpunarfyrirtækjum sem vinni með nanótækni að nýta aðstöðuna líka.

„Fyrir einu og hálfu ári fengum við styrk frá Tækniþróunarsjóði og Rannís til að þróa nanórafhlöður en sú vinna nýttist okkur til að þróa áður óþekktar efnasamsetningar. Við gátum nýtt hluta af þeim niðurstöðum og kynnt þær fyrir Evrópusambandinu. Þannig gátum

við þróað vöruna nógu langt til að Evrópusambandið gæti myndað sér skoðun á með hvaða hætti tæknin gæti nýst Evrópu og hvernig væri best að þróa hana áfram. Við komumst í gegnum þá síu og nú munum við nýta fjármagnnið og vinna eftir tveggja ára áætlun,“ segir hann.

Sýna að tæknin virki

Styrkurinn verður, að sögn Ármanns, nýttur til að þróa ýmsar útgáfur af efnum fyrir rafhlöður og sýna fram á að tæknin virki vel. „Evrópa býr að mikilli endurnýjanlegri orku, en vandinn er að ekki tekst að fanga alla orkuna í rafhlöður. Það má hlada nanórafhlöður mun hraðar en hefðbundnar og því mun tæknin nýtast vel á því sviði,“ segir hann og bætir því við að tæknin sé hagkvæm, sem auki líkurnar á að henni verði tekið fagnandi á markaðnum.

Að sögn Ármanns eru rafhlöðurnar þannig úr garði gerðar að þær nota sömu grunnuppskriftir og eru þekktar í venjulegum batteríum en þær eru betrubættar með nanóefnum. „Við erum í raun ekki að búa til rafhlöður frá grunni heldur skipta út þeim grunnefnum sem eru notuð í rafhlöður með okkar sérhæfða nanóefni. Þá er hægt að breyta reglulegum rafhlöðum í nanórafhlöður og hægt að nýta núverandi rafhlöðuverksmiðjur til að framleiða þær, einungis þarf að nýta okkar sérhæfðu efni. Það getur flýtt fyrir því að tæknin nái fótfestu. Það er lykilatriði fyrir okkur,“ segir hann.



Skráðu þig á póstlistann og fáðu Fréttablaðið sent rafrænt á hverjum morgni

Skráðu þig á á frettabladid.is, á Facebook síðu Fréttablaðsins eða með því að skanna QR kóðann

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesna dagblað landsins

Krefja Austurhöfn um 170 milljónir

Verkfræðistofan Mannvit hefur höfðað mál gegn Austurhöfn, sem stendur að uppbyggingu íbúða- og verslunarhúsnæðis við hlið Hörpu, vegna stöðvunar verks og slita á samningi. Mannvit fer fram á 170 milljónir vegna þessa, en greint er frá málarekstrinum í ársreikningi Austurhafnar en þar segir að ef félagið tapi málinu geti það haft „verulega fjárhagslega þýðingu“.

Í júní síðastliðnum breyttu Arion banki og fjárfestingafélagið Apartnor 900 milljóna króna víkjandi láni til Austurhafnar í hlutafé. Auk

» Umfang framkvæmdanna nemur um 8.000 fermetrum.

þess að vera lánveitandi verkefnisins á Arion banki 20 prósent hlut í Austurhöfn. Apartnor, sem er meðal annars í eigu Hreggviðs Jónssonar og Eggerts Þórs Dagbjartssonar, fer með 80 prósent hlut.

Húsnæðið verður alls átta þúsund fermetrar að stærð og hefur Austurhöfn nú þegar selt 2.700 fermetra

verslunar- og skrifstofupláss til fasteignafélagsins Regins.

Á kynningarfundum vegna uppgjörs Regins í síðustu viku sagði Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, að framkvæmdir við Austurhöfn hefðu tafist af ýmsum ástæðum og að Reginn, sem hefur greitt hátt í 70 prósent af kaupverðinu, taki við húsnæðinu í haust. Náðst höfðu samningar við leigutaka um rekstur í húsnæðinu en þau áform frestuðust vegna COVID-19. Stefnir er að því að húsnæðið verði tekið í notkun næsta vor. – þfh

EQ

Nýr EQC. Njóttu rafmagnsins.

EQC er 100% rafmagnaður sportjeppi frá Mercedes-Benz. Með drægi allt að 417 km, háþrúðum tæknibúnaði og 4MATIC fjórhjóladrifinu eru þér allir vegir færir.



Verð frá 9.390.000 kr.

Komdu og reynsluaktu EQC.

ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram



Hertar aðgerðir á landamærum geta ýtt ferðaþjónustunni í greiðsluskjól

Mörg ferðaþjónustufyrirtæki gætu þurft að fara í greiðsluskjól eftir hertar aðgerðir á landamærunum. Greiðslufrestur hjá fjármála-fyrirtækjum rennur bráðum út. Veltur á kröfuhöfum og stjórnvöldum, að sögn formanns FHG. Hótel, sem mörg eru stórir leigutakar hjá fasteignafélögum, endurskoða áform fyrir veturinn. Reginn samdi um veltutengda leigu við hótelin fyrir næstu tólf mánuði.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Það var komið þónokkuð líf í markaðinn og við vorum farin sjá fram á að eftir harkalegar hagræðingaradgerðir gætum við rekið þrjú af hótelnunum okkar í vetur og átt fyrir launum og kostnaði, og hugsanlega borgað af lánunum,“ segir Kristófer Oliversson, formaður Félags fyrirtækja í hótellestri og gistinguþjónustu, og framkvæmdastjóri Center Hotels.

Hertar aðgerðir á landamærunum gjörbreyta hins vegar stöðunni að sögn Kristófers og stjórnvöld þurfa að bregðast við.

„Til skemmri tíma sýnist mér aðeins um tvennt að ræða. Annars vegar að aflétta þeim aðgerðum sem eru igildi lokunar landsins. Ef sóttvarnarök koma í veg fyrir það, verður hins vegar að koma til móts við okkur með framlengingu aðgerða stjórnvalda gagnvart launþegum og þar skiptir hlutabótleiðin langmestu máli,“ segir Kristófer.

Aðgerðir til lengri tíma þurfa að taka til vaxta og afborgana af hótelfasteignum, að mati Kristófers, og tryggja að vaxtalækkanir Seðlabankans skili sér til fyrirtækja. Einnig þarf að huga að fasteignagjöldum og samræma þau því sem tíðkast hjá helstu keppinautum hótellanna, það er íbúðum og sumarhúsum sem nýtt eru til útleigu. „Það myndi þýða 90 prósent lækkingu fasteignagjalda á hótelfasteignir. Aðgerðir af þessu tagi gera leigusöllum kleift að koma til móts við leigutaka sem nú standa eftir algjörlega tekjulausir.“

Haft var eftir Davíð Torfa Ólafssyni, framkvæmdastjóra Íslands-hótela, á Vísi í gær, að áformað hefði verið að sex af sautján hótelnunum keðjunnar yrðu opin í vetur. Íslandshótel væru að endurskoða áformin eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Fyrirtæki geta sótt um greiðsluskjól í samræmi við lög um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar sem samþykkt voru á Alþingi í júní. Löggin voru hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19 faraldursins.

Spurður hvort hann telji að mörg hóteli muni nýta sér úrræðið í vetur segir Kristófer að svarið velti á því hversu hart kröfuhafar muni ganga að skuldunautum á næstu mánuðum og einnig á mótvægisadgerðum stjórnvalda.

„Þetta verður mjög erfitt ef ekki koma skipulegar aðgerðir sem felast til dæmis í því að fella niður eða lækka verulega vexti af hótelfasteignum í tvö eða þrjú ár. Sem er það sem þarf,“ segir Kristófer. Mikilvægt sé að allir í virðiskeðjunni, það er leigutakar, leigusalar og fjármagnseigendur séu „samstíga í þessu sameiginlega skipbroti, svo að samdráttarskeiðið verði sem styst.“

„En það sem er mikilvægt að hafa í huga,“ bætur Kristófer við, „er að með lögum um greiðsluskjól er kominn lagarammi um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, sem styrkir samningsstöðuna þegar samið er við kröfuhafa. Ef gengið er of hart að skuldunaut á hann þess kost að fara í skjól og skipuleggja fjárhaginn.“



Aðgerðir stjórnvalda eru igildi lokunar landsins að sögn formanns FHG. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Telja raunhæft að ná mismuninum til baka

Stjórnendur Regins stóðu fyrir kynningarfundum síðasta föstudag, áður en hertar aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru kynntar, þar sem farið var yfir helstu niðurstöður uppgjörins. Stjórnendurnir voru spurðir um veltutengdu samningana, nánar tiltekið hvort þeir teldu raunhæft að hækka leigu leigutaka síðar á samningstímanum til þess að vega upp á móti skammtalækkingu leigutækna.

„Við metum hvert tilvik fyrir sig og það er okkar mat, til dæmis í ákveðnum flokki í þessum hótelleigum, að þessir aðilar geti borið þessa hækkun,“ svaraði Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins. Fasteignafélagið hefði hvorki boðið framtíðarhækkun leigu, né heldur hefðu

leigutakar samþykkt hana, ef slík tilhögun væri ekki raunhæf.

„En að sjálfsgöðu verða tilvik þar sem aðilar geta ekki staðið undir hækkuninni og að sjálfsgöðu getum við líka lent í því að þessi fyrirtæki sem við erum að gera samning við verði ekki gjaldfær eða greiðslufær á tímabilinu,“ bætti Helgi við.

„Það er ákveðin áhætta í þessu og þess vegna völdum við það að reikna með lágmarkstekjum frá þessum aðilum. Að þetta sé ekki að skila sér nema að litlum hluta. Við erum varfærin í þessu. Við erum ekki að taka þessar væntu tekjur í virðismatið okkar en við teljum samt að við munum ná til baka einhverjum hluta af þessum tekjum sem verður frestað.“

Þó bókfært verð hótelleigna Regins (m.kr.)

Staða 1. janúar	11.468	
Breyting	-586	-5,10%
Staða 31. mars	10.883	
Breyting	-121	-1,10%
Staða 30. júní	10.762	

Sumarið reyndist dýrt

Alls hafa níu félög fengið heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Þetta kom fram í samantekt dómstólasýslunnar sem dómsmálaráðherra kynnti á ríkisstjórnarfundum í síðustu viku og greint var frá í Viðskiptablaðinu. Fjögur félögin eru í hótellestri og tvö í fasteignarestri um hótelleignir.

Endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið Deloitte hefur veitt fjölda fyrirtækja fjárhagslega ráðgjöf í tengslum við efnahagsþreng-

ingar síðustu mánaða. Ingvi Björn Bergmann, sviðsstjóri endurskoðunar Deloitte, segir að enn hafi ekki reynt á greiðslugetu margra ferðaþjónustufyrirtækja. Þau hafi getað nýtt sér ýmis úrræði, svo sem stuðning vegna greiðslu launakostnaðar á uppsagnarfresti, og fengið tekjur yfir sumarið.

„Það hefur hins vegar verið þannig hjá mörgum fyrirtækjum í sumar, til dæmis í gistinguþjónustu og afþreyingu, að þau hafa selt þjónustu með rausnarlegum afslætti, verið illa munnud vegna mikilla anna og þurft að vera með starfsfólk í yfirvinnu. Þegar búist er að taka þetta allt saman kemur síðan í ljós að sumarið varð dýrara en búist var við,“ segir Ingvi Björn.

Runólfur Þór Sanders, sérfræðingur í endurskipulagningu fyrirtækja hjá Deloitte, bendir á að tíma-

Margir hljóta að ihuga greiðsluskjól fyrir veturinn í ljósi þess að staða ferðaþjónustunnar er nánast óbreytt frá því í vor.

Runólfur Þór Sanders, sérfræðingur í endurskipulagningu fyrirtækja hjá Deloitte



bundinn greiðslufrestur á lánunum, sem bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa veitt mörgum fyrirtækjum frá því í apríl, renni út í lok september. Fyrirtæki gátu frestað greiðslum í allt að sex mánuði.

„Sumir stjórnendur eru byrjaðir í samtali við bankana og eru að reyna að semja sjálfir. En þetta er tímafrekt ferli, sérstaklega þar sem fleiri kröfuhafar eru í spili,“ segir Runólfur. Í september eða október muni myndin skýrast. Þá komi í ljós hvort úrræðið um greiðsluskjól verði nýtt í stórum stíl eða ekki.

„Margir hljóta að ihuga greiðsluskjól fyrir veturinn í ljósi þess að staða ferðaþjónustunnar er nánast óbreytt frá því í vor. Ef það verður ekki bóluþéni í augsýn fyrir áramót, eða ef önnur úrræði, eins og greiðslufrestur hjá bönkum, verða ekki framlengd, þá ættu öll ferðaþjónustufyrirtæki að skoða þessa leið,“ segir Runólfur, en frestur til að komast í greiðsluskjól rennur út um áramótin.

Sömdu um veltutengingu Fasteignafélagið Reginn birti uppgjör sitt fyrir annan ársfjórðung

síðasta fimmtudag. Þar var farið yfir aðgerðir sem félagið hefur ráðist í til þess að styðja við þá leigutaka sem verst hafa orðið úti vegna sóttvarnaaðgerða ríkisstjórnarinnar.

Aðgerðir Regins gagnvart hótelleigendum fölust annars vegar í því að bakfæra leigu í nokkra mánuði og hins vegar í því að breyta leigusamningum í veltutengda samninga næstu 12 mánuði með ákvæði um endurgreiðslu leigu síðar á leigutímanum.

Samkomulag Regins við stærstu hótelfélögin gerir þannig ráð fyrir að á næstu 12 mánuðum verði greidd veltutengd leiga með ákvæðum um lágmarksfjárhæð. Mismunurinn á greiddri leigu næstu 12 mánuði og samningsbundinni leigu verður síðan gerður upp á samningstímanum sem er að meðaltali 10 ár.

Verði veltutengd leiga í lágmarki næstu 12 mánuði getur mismunurinn á greiddri leigu og samningsbundinni leigu að hámarki orðið 500 milljónir króna á tímabilinu. Fjárhagslegt umfang aðgerða vegna bakfærslu á leigu er hins vegar um 195 milljónir króna.

Eignasafn Regins spannar rúmlega 377 þúsund fermetra og þar af nemur hótelleigun 5 prósentum. Ef litið er til heildarvirðis eignasafnsins nema hótelin hins vegar um 7,5 prósentum. Reginn færði bókfært verð hótelleigna sinna niður um 589 milljónir króna, eða um 5 prósent, á fyrsta fjórðungi ársins. Niðurfærslan á öðrum fjórðungi nam 121 milljón króna, eða um 1,1 prósent.

Fasteignafélagin Reitir og Eik birta árshlutauppgjör sín seinna í mánuðinum. Hótelleignir eru um 20 prósent af eignasafni Reita, mælt í fermetrum, og um 11 prósent hjá Eik.



ÓSKUM EFTIR ATVINNU- OG VERSLUNARRÝMUM

Við hjá Regus leitum að húsnæði í öllum pósthúsum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni vegna breyttra þarfa og sveigjanleika á íslenskum markaði.

AUKTU AFKÖST MEÐ NÚTÍMALEGU STARFSUMHVERFI OG LAUSNUM FYRIR SAMEIGINLEG VINNUSVÆÐI

Starfsfólk og fyrirtæki leitast nú í auknum mæli eftir því að vinna nálægt heimili sínu, bæði til að verja meiri tíma með fjölskyldu og vernda umhverfið í stað þess að eyða miklum tíma í samgöngur.

Óskir starfsfólks og fyrirtækja hafa breyst og einnig vinnuumhverfið. Fyrirtæki og stofnanir bjóða nú sínu fólki upp á að vinna í fjarvinnu nokkra daga í viku og geta þar af leiðandi minnkað fastakostnað, sparað í rekstri og breytt föstum kostnaði í breytilegan eftir umfangi hverju sinni.

Heimurinn hefur breyst og öll tækni er nú þegar til staðar. Framtíðin er núna.

Við leitum að húsnæði frá 350 fm - 3.500 fm.

Þeir aðilar sem hafa áhuga á samstarfi sendið eftirfarandi upplýsingar og gögn á netfangið reykjavik.hafnartorg@regus.com

Staðsetningu húsnæðis - heimilisfang og pósthúsi.

Stærð rýmis.

Grunnteikningu af hæð/rými.

Nafn tengiliðs.

Símanúmer.

Netfang.

Hvenær rýmið verður laust - eða mögulega laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar gefur Tómas Ragnarz s: 8207806



Regus/Spaces er heimsins stærsti veitandi sveigjanlegra vinnurýmislausna og meðal viðskiptavina eru nokkrir af farsælustu frumkvöðlum, einstaklingum og fyrirtækjum í dag.

Tengslanet okkar inniheldur næstum 3.000 viðskiptasetur sem ná yfir næstum 900 borgir í 120 löndum. Daglegir viðskiptavinir sem nota þjónustu okkar eru yfir 7,2 milljónir. Gegnum línu okkar af mismunandi skrifstofum og þjónustuleiðum gerum við fólki og fyrirtækjum kleift að vinna þar sem þau vilja, þegar þau vilja, hvernig sem þau vilja og á fjölbreyttu verði.

Regus var stofnað í Brussel í Belgíu árið 1989 og er skráð í kauphöllinni í Lundúnum.



Rio Tinto Alcan lokaði nýlega einu álvera sinna á Nýja-Sjálandi vegna háskostnaðar. Álverið sem um ræðir var tvöfalt stærra en það í Straumsvík og tap þess var helmingi minna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lægra raforkuverð í Evrópu setur þrýsting á arðsemi Landsvirkjunar

Allt útlit er fyrir að arðsemiskrafa Landsvirkjunar geri það að verkum að raforkuverð til stórnotenda verði ósamkeppnishæft á næstu árum. Nýr samningur Landsvirkjunar tengdur skandinavíska Nord Pool-raforkumarkaðnum mun að öllum líkindum draga úr tekjum Landsvirkjunar. Raforkuverð í Evrópu, einkum og sér í lagi Skandinavíu, mun haldast í lægri kantinum næstu ár, samkvæmt spám.

Þóroddur Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Síðastliðin tíu ár hefur Landsvirkjun unnið eftir þeirri stefnu að færa raforkuverð nær því sem gengur og gerist á meginlandi Evrópu. Samið var upp á nýtt við stórnotendur – Rio Tinto Alcan, Elkem og Norðurál. Um skeið leit út fyrir að Landsvirkjun myndi ná markmiðum sínum – það er að hækka raforkuverð til stórnotenda, ná fram meiri

arðsemi og greiða árlegan arð upp á milljarða króna inn í ríkissjóð. Rætt var um að stofna þjóðarsjóð sem tæki við árlegum arðgreiðslum Landsvirkjunar. Á vormánuðum 2017, eftir ársfund orkufyrirtækisins, voru leiddar að því líkur að þjóðarsjóðurinn gæti orðið allt að 500 milljarðar króna tuttugu árum eftir stofnun hans.

Landslagið hefur hins vegar breyst á raforkumörkuðum síðan þá. Landsvirkjun stendur núna frammi fyrir því að raforkuverð til stórnotenda á Íslandi er lítt samkeppnishæft sem stendur. Veigamesta ástæðan fyrir því er sú að raforkuverð hefur farið lækandi

Verðþróun Nord Pool-markaðarins 2006–2020
EUR/MWH



■ Nýr raforkusamningur Landsvirkjunar og Norðuráls tekur gildi

erlendis, þó að Landsvirkjun hafi líka unnið að því að hækka sitt verð. Hin margumræddu orkuskipti, sem snúa að því að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun, hafa að sama skapi aukið framboð raforku nokkuð hraustlega á skömmum tíma. Núna er staðan svo sú að mikil fjárfesting hefur átt sér stað í Evrópu í vind- og sólarorkuframléiðslu, en hins vegar er ekki búið að slökkva á nema hluta þeirra kola- og kjarnorkuvera sem fyrirhugað er að loka. Heildarorkunotkun fer svo minnkandi í Evrópu og er því spáð að sú þróun muni halda áfram næstu tvo áratugi.



Afleitt uppgjör Statkraft

Hið norska Statkraft er það fyrirtæki sem er einna samanturðarhæfast við Landsvirkjun. Statkraft birti nýlega uppgjör sitt fyrir annan fjórðung ársins 2020. Tap fyrir fjármagnsliði og skatta var um 100 milljónir norskra króna, samanborið við hagnað upp á 2,6 milljarða norskra króna á öðrum ársfjórðungi síðasta árs. Forstjóri fyrirtækisins sagði

í ávarpi sínu með ársfjórðungs-skýrslunni að raforkuverð myndi haldast lágt á næstu árum. Af þeim sökum hafa seglin verið dregin saman þegar kemur að nýjum fjárfestingum, en fyrirtækið fyrirhugar að setja upp níu gígavattstundir af raforku fram til ársins 2025, en uppsett afl allra virkjana Statkraft er um 15,9 gígavattstundir.

Sneisafull lón

Til skemmri tíma er helsta ástæða lækkandi raforkuverðs í Evrópu sú farsótt sem nú gengur yfir heiminn. Í nýlegri greiningu frá matsfyrirtækinu Standard & Poors segir að raforkuverð hafi lækkað um 5 til 7 prósent að meðaltali frá því að stjórnvöld um alla álfuna gripu til sóttvarnaaðgerða, sem í mörgum tilfellum lamaði öll hagkerfi. Mest var lækkunin á Norðurlöndunum, eða á bilinu 80 til 90 prósent. Það sem meira máli skiptir er að úrkoma síðasta vetrar og vors orsakaði að öll uppistöðulón við vatnsaflsvirkjanir í Skandinavíu voru sneisafull, einkum og sér í lagi í Noregi. Norsk orkumála-

yfirvöld meta stöðuna þannig að fylling uppistöðulóna á svæðinu sé jafnvirði um 87 teravattstunda, en langtímameðaltalið er 44 teravattstundir. Af þessum sökum mun rafmagnsverð haldast lágt í Skandinavíu til ársloka 2022, segir í greiningunni.

Lágt verð á Nord Pool-markaðnum eru ekki góðar fréttir fyrir Landsvirkjun. Norðurál á Grundartanga kaupir um 1,6 teravattstundir af fyrirtækinu á ári hverju, eða um 11 prósent af heildarframleiðslu. Samningur Norðuráls og Landsvirkjunar er tengdur við Nord Pool-verðið og gildir til ársins 2023. Landsvirkjun keypti engar áhættuvarnir vegna samningsins

Framboð endurnýjanlegra orkugjafa mun aukast mikið

Breska olíufélagið BP áætla að notkun endurnýjanlegra orkugjafa innan Evrópusambandsins muni aukast um 158 prósent á árunum 2017 til 2040. Notkun nánast allra annarra orkugjafa mun dragast saman. Gangi spá BP eftir mun orkunotkun í Evrópu dragast saman um 13 prósent

fram til ársins 2040, en hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa af heildarorkunotkun mun fara úr 10 í 29 prósent. Endurnýjanlegir orkugjafar á meginlandi Evrópu eru fyrst og fremst vind- og sólarorka. Samkvæmt samantekt Bloomberg New Energy Finance er vind- og sólarorka ódýrasta leiðin

til að framleiða nýja orku fyrir að minnsta kosti tvo þriðju mannkyns. Þessir sömu tveir þriðju standa að baki 71 prósentu vergrar framleiðslu heimshagkerfisins og 85 prósentum orkuframleiðslu. Framboð endurnýjanlegrar orku mun því aukast hratt á næstu árum í hinum vestræna heimi.

við Norðurál. Meðalverð á Nord Pool-markaðnum var um 50 dalir á árunum 2018 til 2019. Spár gera ráð fyrir að verðið muni verða 12 til 18 dalir á árunum 2020 til 2022.

Gangi spá um raforkuverð í Skandinavíu eftir, verða tekjur Landsvirkjunar af Norðuráli á bilinu 19,2 til 28,8 milljónir dala á ári á samningstímanum. Ef meðalverð árána 2018 og 2019 hefði haldið sér út samningstímann hefðu tekjurnar numið um 80 milljónum dala. Til samanburðar voru rekstrartekjur Landsvirkjunar 500 milljónir dala á síðasta ári. Það má því hæglega gera ráð fyrir að tekjur Landsvirkjunar af hinum nýja samningi við Norðurál verði tugum milljóna dala minni en lagt var upp með.

Óraunhæf arðsemiskrafa?

Ekki er langt liðið síðan Landsvirkjun setti sér arðsemiskröfu upp á 7,5 prósent. Fram kom í úttekt sem unnin var fyrir fjármálaráðuneytið árið 2011 að arðsemi heildarfjármagns virkjana sem byggðar voru til að knýja stóriðju hefði verið 5 prósent (fyrir skatta) á árunum 1966 til 2010. Sögðu skýrsluhöfundar að sú arðsemi væri lægri en viðgengist erlendis.

Fyrir um 10 árum kom fram í máli stjórnenda Landsvirkjunar að arðsemi fyrirtækisins þyrfti að aukast verulega. Arðsemiskrafa Landsvirkjunar liggur til grundvallar útreikningum fyrirtækisins á kostnaðarverði raforku. Kostnaðarverðið liggur svo til grundvallar verðlagningu raforkunnar. Kostnaðarverð er samkvæmt 7,5 prósentu arðsemiskröfu 28 til 35 dalir á megavattstund. Eða eins og

Ragnhildur Sværisdóttir, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins, orðaði það í pistli sem birtist á vefritinu Miðjunni í maí síðastliðnum: „Þannig er kostnaðarverðið 35 dollarar ef aðeins er litið til síðustu þriggja virkjana, 32 dollarar ef litið er til þessarar aldar, en 28 dollarar ef litið er til allra orkustöðva Landsvirkjunar. Efraforkuverðið nær ekki þeim upphæðum þá þýðir það ekki að Landsvirkjun sé rekin með tapi. Það þýðir hins vegar að arður af rekstrinum nær ekki því sem til er ætlast.“

Fyrir um tíu árum kom arðsemiskrafa Landsvirkjunar fyrst til alvarlegrar umræðu. Á þeim tíma var söluverð Landsvirkjunar til stórnotenda um 20 to 25 dalir á megavattstundina, á meðan verðið í Evrópu var sagt allt að þrefalt hærra. Þessi verðmunur er töluvert minni í dag. Rætt hefur verið um að stórnotendur Landsvirkjunar greiði á bilinu 30 til 40 dali fyrir megavattstundina, þó að vísu sé í gildi 25 prósentu afsláttur af samningsverðinu um þessar mundir. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að framlengja þann afslátt, samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun.

Á sama tíma er stundarverð raforku á Norðurlöndunum á bilinu 6 til 12 dalir fyrir megavattstundina. Spár gera svo ráð fyrir því að verðið muni flökka á milli 12 og 18 dala á megavattstundina allt til ársloka 2022. Þarna er mögulega fundin skýringin á því hvers vegna íslenska upplýsingateknifyrirtækið Advania kaus að reisa nýtt gagnaver sitt í Svíþjóð frekar en á Íslandi.

Hins vegar stendur Landsvirkjun

frammi fyrir þeim vanda að ef arðsemi fyrirtækisins er of litil þá gæti lánshæfismat þess versnað. Langstærstur hluti skulda fyrirtækisins er í dölum, en meðalvextir á þeim voru 3,7 prósent samkvæmt uppgjöri fyrsta fjórðungs. Því er það vandratáður stígur að finna jafnvægið milli arðsemiskröfu sem matsfyrirtækin sætta sig við og þess að raforkan sé á samkeppnishæfu verði.

Arðsemi eða sala

Það hefur sýnt sig nýlega að stórir viðskiptavinir Landsvirkjunar hafa lokað óarðbærum verksmiðjum sínum. Þannig lokaði Rio Tinto Alcan álverið sínu á Nýja-Sjalandi, en sú verksmiðja tapaði töluvert minna fé á síðasta ári en álverið í Straumsvík og er helmingi stærri. Rio Tinto afskrifaði jafnframt álverið í Straumsvík að fullu í síðasta uppgjöri sínu, en alls nam afskriftin um 269 milljónum dala. Járnblendiverkmiðja Elkem við Grundartanga er jafnframt sögð sú óhagkvæmasta af öllum sem Elkem rekur, segja heimildarmenn Markaðarins.

Það er því ljóst að núverandi aðstæður á alþjóðlegum raforkumarkaði og arðsemismarkmið Landsvirkjunar eru, sem sakir standa, illsamræmanlegir þættir. Segja má að boltinn sé nú hjá stjórnmalamönnum, sem þurfa að ákveða hvort arðsemi orkuframleiðandans eða fjórðungur útflutningstekna þjóðarbúsins skipti meira máli. Stjórnendur Landsvirkjunar hafa kallað eftir eigendastefnu í meira en 10 ár, en hingað til hefur lítið bólað á slíku.

Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

HLUTHAFAFUNDUR 9. SEPTEMBER Í HÖRPU

Stjórn Regins hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn í Rímu fundarsal, í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 9. september 2020 og hefst stundvíslega kl. 16:00

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutfjár.

Stjórn Regins hf. leggur til breytingar á 4. gr. samþykktta félagsins þess efnis að við greinina bættist heimild til handa stjórn félagsins til að auka hlutfé þess um allt að kr. 40.000.000 að nafnverði. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Heimildin skal falla niður þann 10. mars 2021.

2. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Óskað er eftir að umboð berist Regin fyrir dagsetningu hluthafafundar á reginn@reginn.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á hluthafafund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboð m.t.t. gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en ein vika er til hluthafafundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til 18. gr. samþykktta félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.reginn.is/fjarfestavefur.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins www.reginn.is.

Hluthafafundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann, sbr. 16. gr. samþykktta félagsins.

Gögn vegna fundarins eru aðgengileg á skrifstofu félagsins í Smáralind, 1. hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi og á vefsvæði tengt hluthafafundi á heimasíðu félagsins www.reginn.is/fjarfestavefur en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengileg a.m.k. viku fyrir hluthafafund, sbr. 18. gr. samþykktta félagsins. Hluthafafundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 19. ágúst 2020.
Stjórn Regins hf.

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / reginn.is



Iðandi mannlíf á Laugavegi.
FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Kortavelta Íslendinga sló öll met í júlí

Innlend kortavelta Íslendinga hefur ekki verið meiri en í júlí frá því að Rannsóknasetur verslunarinnar hóf að taka saman gögnin. Hún jókst um 18,5 prósent á milli ára og nam 81 milljarði króna. Íslendingar keyptu í verslunum fyrir svipað háa fjárhæð og í desember. Um 55 prósentum af kortaveltunni var varið í verslunum.

„Ástæðu kröftugrar neyslu Íslendinga hérlendis má rekja til þess að fáir landsmenn hafa leitað út fyrir landsteinana í sumar, hefur neysla því færst hingað til lands í staðinn,“ segir í tilkynningunni.

Íslendingar greiddu um tvöfalt meira til gististaða í júlí samanborið við júlí í fyrra, alls 2,2 milljarða.

Í júnímánuði var innlend kortavelta gististaða einnig há eða um 1,3 milljarðar, 75 prósentum meiri en fyrir ári. Innlend kortavelta veitingastaða jókst um 29 prósent á milli ára og nam 6,8 milljörðum í júlí. Þá jókst eldsneytissala til Íslendinga um tæp 7 prósent samanborið við júlí 2019.

„Verslun var blómleg í júlí,“ segir Rannsóknasetrið og nam innlend

» Kortaveltan í raf- og heimilistækjaverslunum jókst um 43 prósent og í verslunum með heimilisbúnað um 23 prósent.

kortavelta verslunar 44,7 milljörðum króna í mánuðinum eða 27 prósentum meira en í júlí í fyrra.

„Óvenjulegt er að verslun sé jafn fjörug í júlímánuði og má nefna að verslun í desember síðastliðnum, stærsta verslunarmánuði ársins, nam 45 milljörðum út frá sama mælikvarða,“ segir í tilkynningunni.

Verslun á netinu jókst á milli ára um 83 prósent og versluðu Íslendingar fyrir 1,7 milljarða í innlendum netverslunum í júlí. Þegar samkomutakmarkanir voru sem mest íþyngjandi í apríl, var hlutfall netverslunar af heildarverslun 9 prósent.

Innlend kortavelta í raf- og heimilistækjaverslunum jókst um 43 prósent og í verslunum með heimilisbúnað um 23 prósent. Í raf- og heimilistækjaverslunum nam veltan alls 2,3 milljörðum, þar af voru 267 milljónir í netverslun, sem er rúmlega tvöföldun á milli ára. – hvj

Ferðabjónustan stendur undir tíu prósentum iðgjalda Sjóvár

Iðgjöld einstaklinga vógu upp samdrátt hjá fyrirtækjum á öðrum ársfjórðungi. Undanfarin þrjú ár hafa iðgjöld tryggingafélagsins vaxið með arðbærum hætti því tjón hafa ekki aukist með sama hraða. Eftir að hert var nýlega á sóttvörnum tengdum ferðamönnum, hefur óvissan í efnahagslífinu aukist á ný.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Vöxtur í iðgjöldum einstaklinga hjá Sjóvá vó að miklu leyti upp samdrátt í iðgjöldum fyrirtækja á öðrum ársfjórðungi, segir Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár. „Við höfum verið í sókn undanfarin þrjú ár og markaðshlutdeildin hefur farið vaxandi. Ákvörðun okkar um að fella niður iðgjöld ökutækjatrýgginga einstaklinga í maí vegna samdráttar í umferð í kjölfar samkomubansins í vor laðaði auk þess að fleiri viðskiptavinum,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Hermann segir að fyrirtæki í ferðabjónustu standi undir um tíu prósentum af heildariðgjöldum Sjóvár. „Mörg þessara fyrirtækja sem við tryggjum stóðu vel fyrir ágjöfina sem COVID-19 olli og gátu því staðið af sér fyrstu bylgju veirunnar,“ segir hann en nefnir að nú muni önnur bylgja reyna á þolmörk sumra þeirra.

Dreifður hópur

Viðskiptamannahópur Sjóvár í heild er vel dreifður, að sögn forstjórans, og stærstu viðskiptavinir tryggingafélagsins fjárhagslega sterkir. Ýmsar atvinnugreinar gangi ágætlega í COVID-19 eins og til dæmis sjávarútvegur.

„Fyrirtækin sem við tryggjum hafa tekist á við efnahagslegar afleiðingar af völdum COVID-19 af festu og ábyrgð. Við höfum reynt að koma til móts við þau sem glíma við rekstrarvanda vegna veirunnar og sníðum tryggingaverndina eftir umfangi viðskiptavina hverju sinni. Greiðslum hefur einnig verið dreift í einhverjum tilvikum,“ segir hann.

Afkoma Sjóvár á fyrstu sex mánuðum ársins mun, samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sem birt var í Kauphöll, nema um 1,1 milljarði króna. Á sama tíma í fyrra hagnaðist félagið um 2,6 milljarða króna. Sveiflur á eignamörkuðum skýra að nær öllu leyti verri afkomu. Uppgjörð verður birt í dag.

Samsett hlutfall, það er hversu vel tókst til að láta iðgjöld standa undir útgjöldum vegna tjóna, var um 98 prósent á fyrri helmingi árs. Vátryggingastarfsemin er rekin með hagnaði þegar hlutfallið er undir hundrað.



Hermann segir að tryggingareksturinn hafi verið arðbær síðastliðin fimm ár. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

» Til að við og fleiri fyrirtæki getum greitt arð að nýju til hluthafa, þarf að draga úr óvissu í efnahagsmálum.

Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár

Heilbrigður vöxtur

Að sögn Hermanns hafa fyrstu sex mánuðir ársins í rekstri Sjóvár gengið vel. „Undanfarin þrjú ár hafa iðgjöld vaxið með heilbrigðum hætti því tjón hafa ekki aukist af sama hraða. Þetta hefur því verið arðbær vöxtur,“ segir hann og nefnir að afkoman sé mun betri en búast hafi mátt við, í ljósi efnahagsþrenginga af völdum COVID-19.

Á árunum fyrir bankahrun tíðkaðist það að fjárfestingar tryggingafélaganna niðurgreiddu tap af tryggingarekstri. Við skráningu Sjóvár á hlutabréfamarkað sagði Hermann að lögd yrði áhersla á að vátryggingareksturinn myndi standa undir sér. Hermann segir að tryggingareksturinn hafi verið arðbær síðastliðin fimm ár.

Hann segir að í ljósi þess hve stýrivextir séu orðnir lágir megi gera ráð fyrir því að margir fjár-

festar færi sig í auknum mæli úr skuldabréfum í hlutabréf og geri kröfu um að fá arðgreiðslur frá fyrirtækjunum.

„Sjóvá hefur fjárhagslega burði til að greiða hluthöfum arð en ákvað að fresta arðgreiðslu, rétt eins og önnur fjármálafyrirtæki, í ljósi óvissu í efnahagslífinu sem rekja má til COVID-19. Til að við og fleiri fyrirtæki getum greitt arð að nýju til hluthafa, þarf að draga úr óvissu í efnahagsmálum. Fjármálaeftirlit Seðlabankans hefur auk þess ekki heimilað fjármálafyrirtækjum að greiða arð að svo stöddu.“

Eftir að hert var nýlega á sóttvörnum tengdum ferðamönnum, hefur óvissan aukist á ný. Hún minnir um margt á hvernig umhorfs var þegar COVID-19 lét fyrst á sér kræla hér á landi, en þá vissi enginn hvert framhaldið yrði. Þegar aðstæður skýrast er ég þó viss um að mörg fyrirtæki hafi burði til að greiða eigendum sínum arð, sem betur fer,“ segir hann.

Hermann segir mikla ánægju með þá ákvörðun Sjóvár að fella niður ökutækjatrýggingar einstaklinga í maí, sem námu samtals um 650 milljónum króna. Þegar sú fjárhæð sé lögd saman við endurgreiðslur til tjónlausra viðskipta-

vina hafi samtals 1,3 milljörðum króna verið ráðstafað til viðskiptavina á einu ári.

Hafði ekki neikvæð áhrif

Hann nefnir að þrátt fyrir að 650 milljónum króna hafi verið ráðstafað til viðskiptavina vegna niðurfellingar á maigjalddaga hafi samsetta hlutfallið verið 97 prósent á öðrum ársfjórðungi.

„Í ljósi þess hve margir myndu vera heima fyrir í vor til að stemma stigu við COVID-19, sáum við fram á að það yrði minna um tjón á ökutækjum í mars, apríl og maí. Við vildum hreyfa okkur með kvikari hætti en áður hafði þekkt á tryggingamarkaði til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar. Við töldum að þeir myndu njóta betur góðs af því að fella út einn mánuð í stað þess að dreifa lækkininni á fleiri mánuði,“ segir Hermann og bætir við að bifreiðaiðgjöld séu hlutfallslega stór þáttur í vátryggingum. Hvernig afkoman sé þar geti skipt miklu máli fyrir reksturinn og samsetta hlutfallið.

Hann segir það hversu sterkum fótum rekstur Sjóvár standi hafa get þeim mögulegt að bregðast svo snögglega við í þessum óvenjulegu aðstæðum.

Stoðir greiddu út 1,1 milljarð króna til hluthafa

Hlutafé Stoda, sem er eitt af stærstu fjárfestingafélögum landsins, var lækkað um rétt tæplega 1,1 milljarð króna í sumar með útgreiðslu til hluthafa. Eftir útgreiðsluna nemur hlutafé fjárfestingafélagsins 13,5 milljörðum króna.

Stoðir högnuðust um 4.020 milljónir króna á síðasta ári og nam ávöxtun félagsins á árinu 20,5 prósentum.

Hluthafar fjárfestingafélagsins voru 54 í lok síðasta árs samanborið við 42 í byrjun ársins, en stærsti hluthafinn er sem fyrr félagið S121 með tæplega 65 prósentu hlut. Það er meðal annars í eigu félaga á vegum Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoda, Einars Arnar

Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og Órvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarmanns í TM.

Landsbankinn er næststærsti hluthafi Stoda með rúmlega tólf prósentu hlut og þá fara tveir sjóðir í stýringu Stefns, dótturfélags Arion banka, með um tíu prósent í félaginu.

Stoðir áttu fjárfestingareignir upp á samanlagt ríflega tuttugu milljarða króna í lok síðasta árs, en þar af námu skráðar eignir félagsins um 17,5 milljörðum króna að markaðsvirði. Auk 11,7 prósentu hlutar í TM fer félagið með fimm prósentu hlut í Arion banka og 14,9 prósentu hlut í Símanum. Eigið fé fjárfestingafélagsins var um 25,2 milljarðar króna við síðustu áramót.



Jón Sigurðsson er stjórnarformaður fjárfestingafélagsins.

» Stoðir högnuðust um fjóra milljarða á síðasta ári og nam ávöxtun félagsins á árinu 20,5 prósentum.

Um miðjan apríl greindi Markaðurinn frá því að hlutabréfaeign Stoda í skráðum félögum hefði, í takt við mikið verðfall í Kauphöllinni, minnkað um nærri fimmtung á fyrstu þremur mánuðum ársins. Gengistap félagsins vegna verðfallsins nam tæpum 3,5 milljörðum króna. Síðan þá hafa hlutabréf Arion banka hækkað um 25 prósent, bréf Símans um 23 prósent og bréf TM um 19 prósent. – þfh

Heildstæð endurskoðun er tímabær

Svipmynd

Gerður Guðjónsdóttir

Nám:

Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og er með lög-gildingu í endurskoðun.

Störf:

Framkvæmdastjóri hjá Brú lífeyrissjóði og Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar, áður fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar og endurskoðandi.

Fjölskylduhagir:

Ekkja, á þrjú börn og eitt ömmu-barn.

Gerður Guðjónsdóttir hefur verið framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs, sem áður hét Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, frá árinu 2014. Hún segir mikilvægt að hefja vinnu um hvernig eigi að takast á við á hækkanði lífaldur og lágvaxtaumhverfi.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Á síðustu árum hef ég náð að temja mér það að byrja daginn á góðum morgunverði og yfirferð á blóðunum. Hef gert nokkrar heildarlegar tilraunir til að mæta í ræktina á morgnana með misgóðum árangri, hentar kannski ekki alveg B-týpum eins og ég er.

Hver eru þín helstu áhugamála?

Ég hef áhuga á íþróttum og sér í lagi körfubolta og badminton, en golfið er að koma sterkt inn. Ég kynntist íþróttum í gegnum manninn minn sem var allt í öllu á þeim vettvangi, og einnig með þátttöku í íþróttastarfi barna okkar. Ég mæti eins oft og kostur er á völinn, bæði innan lands sem utan. Nú er ég að reyna að taka golfið fastari tökum en því miður lætur árangurinn á sér standa, en engu síður er golf ótrúlega skemmtilegt. Þá er alltaf gaman eiga góðar stundir með fjölskyldu og góðum vinum. Er nýorðin amma þannig að ég hlakka mikið til



Gerður er nýorðin amma og hlakkar mikið til að njóta samvista við „ömmugullið“. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ad njóta samvista við ömmugullið mitt.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Meira núna en áður enda börnin orðin uppkomin. Þau störf sem ég hef unnið hafa kallað á mikla vinnu og fjarveru frá heimili en með góðum vilja og samvinnu létum við þúslíð ganga upp. Við vorum líka heppin að eiga gott bakland sem er ómetanlegt. Sem betur fer hafa tímarnir breyst til batnaðar og er nú meira horft til þessa jafnvægis. Stytting vinnuvikunnar er mikið framfaraspor á þeirri vegferð.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstri lífeyrissjóða um þessar mundir?

Mesta áskorunin á þessu ári er

vafalaust COVID-19. Á örfáum dögum þurftum við að gjörbreyta starfsemi sjóðanna. Við fluttum starfsstöðvar heim til starfsfólksins, lokuðum sjóðunum tímabundið og fluttum þjónustuna alfarið á netið og í símann. Þannig náðum við að halda úti nánast óskertri þjónustu og að auki tileinkuðum við okkur nýja tækni eins og fjarfundalausnir og innleiddum nýjar stafrænar lausnir. Þetta er búinn að vera ótrúlegur tími sem því miður mun voða yfir okkur eitthvað áfram. Það jákvæða er að við erum reynslunni ríkari og getum með auðveldum hætti lagað starfsemi okkar hratt að nýjum áskorunum, enda starfar hjá sjóðunum frábært starfsfolk sem er reiðubúið að leggja sitt af mörkum.

Frá því í mars hafa lífeyrissjóðirnir haldið að sér höndum og ekki keypt gjaldeyri út af óvissu vegna COVID-19, en slík inngríp hafa mikil áhrif á áætlanir sjóðanna. Ekki er ljóst hver áhrif veirunnar á hagkerfi heimsins verða til framtíðar en búast má við að markaðir verði fyrir höggi, sem óhjákvæmilega hefur áhrif á sjóðina og eignasafn þeirra. Búast má við talsverðum verðsveiflum á fjármálamörkuðum næstu misserin og reikna má með að þónokkur tími fari í úrvinnslu mála vegna tímabundinna erfiðleika.

Á síðustu misserum hafa vextir farið lakkandi og er ólíklegt að sú þróun eigi eftir að breytast á næstunni. Þetta lágvaxtaumhverfi

Við verðum að vera vakandi yfir þeim þáttum sem hafa áhrif á skuldbindingar sjóðanna því það er ekki gott að lofa einhverju sem ekki er hægt að standa við.

kallar á skoðun viðmiða sem notuð eru til að meta skuldbindingar lífeyrissjóðanna, sem nú er 3,5% raunávöxtun. Þá hefur hækkanði lífaldur einnig áhrif á skuldbindingar sjóðanna, en hingað til hafa skuldbindingar verið reiknaðar út frá lífslíkum byggðum á reynslu fortíðar, en ekki spá til framtíðar. Við verðum að vera vakandi yfir þeim þáttum sem hafa áhrif á skuldbindingar sjóðanna því það er ekki gott að lofa einhverju sem ekki er hægt að standa við. Mikilvægt er að vinna heffist sem fyrst um hvernig við eignum að takast á við á hækkanði lífaldur og lægri ávöxtun.

Ég er sammála þeim aðilum sem hafa talað fyrir að kominn sé tími á heildstæða endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði. Lífeyriskerfið okkar er ungt, sjóðirnir eru ólíkir og staða þeirra misjöfn. Það er afar mikilvægt þegar við hefjum þessa vinnu að vandað sé til verka og hún sé unnin í samvinnu við hagaðila.

Hvað er það sem kveikir áhuga og gefur þér drifkraft í starfinu?

Það eru mismunandi þættir. Mér hefur alltaf þótt gaman að vinna, takast á við ólík verkefni og sjá hugmyndir verða að veruleika. Þá er gott samstarfsfólk lyklatríði og það eru forréttindi að hafa fengið að taka þátt í uppbyggingu sjóðsins og vera hluti af þeim öflugra starfshópi sem þar er.



Lyfjafyrirtækið hefur á undanförunum árum selt ýmsar eignir á Íslandi.

Actavis Group greiðir 81 milljarð til hluthafa

Hlutafé Actavis Group, sem heldur utan um starfsemi lyfjafyrirtækisins á Íslandi, var lækkað um 500 milljónir evra, jafnvirði 81 milljarðs króna, í sumar, með greiðslu til móðurfélagsins og lyfjarisans Teva Pharmaceutical Industries.

„Sem hluti af reglulegu innanhússuppgjöri samstæðunnar var hlutafé félagsins lækkað þann 29. júlí síðastliðinn og gert upp við hluthafa þess, Teva Actavis Holding B.V., sem hluta af slíku innanhússuppgjöri,“ segir í svari Actavis við fyrirspurn Markaðarins. Fram kemur í tilkynningu til fyrirtækjaskrár að hlutaféð hafi verið lækkað úr 3 milljörðum evra niður í 2,5 milljarða evra.

„Lækkunin tengist engum skipu-

lagsbreytingum á rekstrinum á Íslandi og engar breytingar hafa orðið á stjórn eða stjórnendateymi nýverið.“

Actavis varð til árið 2004 eftir samruna Pharmaco og Delta. Það var keypt af bandaríska lyfjafyrirtækinu Watson árið 2012, sem síðan seldi fyrirtækið til Teva árið 2016. Innan samstæðunnar á Íslandi er Medis sem selur lyf og lyfjahugvit Actavis til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim, og veltir tugum milljarða króna á ári.

Actavis hefur á undanförunum árum selt ýmsar eignir á Íslandi, þar á meðal þróunardeild, lyfjaverksmiðju og húsnæði, til Coripharma sem er í eigu hóps íslenskra fjárfesta. – pfh



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan Wium Lögg., fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

SKEKTUVOGUR - VOGAÐVERFI TIL LEIGU



Stór hornlóð, tæpur hektari, öll girt með hliði. Skrifstofu- og verkstæðishús er á lóðinni 1.342 fm. Lóðin er öll slétt og hentar margháttaðri starfsemi s.s. geymslusvæði, bílasala, efnissala, verkstæði.

Allar frekari upplýsingar veitir Dan Wium lögm. og lögg. fasteignasali í sínum 533-4040 eða 896-4013 dan@kjoreign.is

Traust og örugg þjónusta í 44 ár

Skotsilfur



Gagnlítil

Tekin var ákvörðun um að loka landinu í reynd að fengnum níu mismunandi tillögum frá sóttvarnaryfirvöldum.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði í viðtali við fjölmiðla að ákvörðun yrði tekin eftir hagræna greiningu á öllum valkostum, sem lá svo fyrir tveimur sólarhringum síðar. Varla þarf að taka fram að hagræn greining í þessum efnum er svo mörgum óvissupáttum háð að útkoman verður í besta falli gagnslítil. En svona virkar stjórnsýslan í dag. Fá álit sérfræðinga og verja ákvarðanir svo með því – sama hversu ómerkilegt álitid er.

Ný barátta

Sóttvarnaraðgerðir ríkisstjórna um allan heim liggja nú eins og mara á hagkerfi heimsins. Í mars og apríl snerust aðgerðir um að minnka álag á heilbrigðiskerfi til þess að halda sjúkrahússinnlögnum og dauðsföllum í lágmarki. Það var skiljanlegt. Eftir þrýsting frá **Kára Stefánssyni** virðist baráttan hins vegar nú snúast um að halda smiti í lágmarki. Nánast öll lönd hins vestræna heims hafa bætt mjög í við að skima og því mun tilfellingum óumflýjanlega fjölgja. Nákvæmlega einn einstaklingur liggur á sjúkrahúsi núna á Íslandi. Talaði einhver um að færa markstangirnar til hliðar?



Óþarfa pukur

Það vekur furðu að Fjármálaráðuneytið kjósi að halda spilunum þétt að sér þegar kemur að því að veita sjálf-sagðar upplýsingar um rekstur Vínbúðarinnar í stað þess að sýna gott fordæmi. Vandinn er að Vínbúðin greinir ekki á milli sölu áfengis og tóbaks í ársreikningum. Það er eðlilegt að hægt sé að sjá hvernig ólíkum sviðum fyrirtækja reiðir af. **Arnar Sigurðsson** vinnuflytjandi hefur fært sannfærandi rök fyrir því að tóbakssala niðurgreiði sölu á áfengi í verslunum ríkisins. Gagnsæi er nauðsynlegt í ríkisrekstri. Ef afkoman af sölu á áfengi og tóbaki er slíkt feimnismál, er spurning hvort það sé ekki betra að opinberir starfsmenn hætti að selja vörurnar?



Pútín varar Vesturlönd við að skipta sér af Hvíta-Rússlandi



Vladímír Pútín, forseti Rússlands, segir að Evrópa eigi ekki að skipta sér af málefnum Hvíta-Rússlands. Margir leiðtogar á Vesturlöndum hafa hvatt hann til að aðstoða við leysa úr pólitískum erfiðleikum þar í landi. Pútín sagði við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, að vandinn gæti stigmagnast ef utanaðkomandi myndu skipta sér af innanríkismálum Hvíta-Rússlands. Það væri ótækt. Hvíta-Rússland hefur logað í deilum frá því að Alexander Lukashenko var kjörinn forseti með miklum yfirburðum. Hann er sakaður um kosningasvindl. MYND/ EPA

Vextir í sögulegu lágmarki



Yngvi Örn Kristinnson
hagfræðingur
Samtaka fjármálafrýrtækja

Frá efnahagskreppunni 2008 hafa vextir hér á landi í heild verið lækkanði. Í ársbyrjun 2009 var ávöxtun á óverðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs á bilinu 9%-10% og vextir á verðtryggðum ríkisskuldabréfum skutust upp tæp 6%. Nú á miðju ári 2020 er ávöxtun á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum á bilinu 1% til 2% og ávöxtun á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs er orðin neikvæð, á bilinu -0,2% til -0,7%.

Helstu áhrifavalda þessarar þróunar eru tveir. Annars vegar eru stýrivextir Seðlabankans í sögulegu lágmarki, en þeir eru núna 1%. Leggjast þar saman staða hagsveiflunnar og sérstök áhrif vegna heimsfaraldursins. Stýrivextir móta að miklu leyti vexti og ávöxtun á stuttum, óverðtryggðum skuld-

bindingum. Stýrivextir Seðlabankans eru vextir á skuldbindingum til eins dags eða viku. Hins vegar hefur innlendur fjársparnaður farið jafnt og þétt vaxandi og framboð hans inn á markaðinn hefur stuðlað að lækkanði ávöxtun á lána- og skuldabréfamarkaðnum, ekki síst á skuldbindingum með vaxtabindingu til milli- og langstíma þar sem áhrifa stýrivaxta Seðlabankans gæti alla jafna minna.

Vöxtur innlends fjársparnaðar á sér reyndar mun lengri sögu en aftur til 2009 en endurreisn hans hófst í raun með upphafi almennrar heimildar til verðtryggingar árið 1979 og einnig til vaxtafrelsis sem komið var árið 1986. Við vaxtafrelsið skaut ávöxtun á löngum verðtryggðum ríkisskuldabréfum upp í tæp 9% vegna þess ójafnvægis sem var milli framboðs og eftirsparnar, en hefur smám saman lækkað eftir því sem innlendum fjársparnaði hefur vaxið fiskur um hrygg.

Þegar verðtrygging sparifjár og lánsfjár var heimiluoð 1979 var hlutfall innlána í innlánsstofnunum komið niður í 20% af landsframleiðslu. Undanfarnir ár hefur þetta hlutfall verið um 70-80%. Enn mikilvægari er vöxtur annars fjársparn-

Lægri ávöxtun á skuldabréfum kann að hafa veruleg áhrif á það rekstrarlíkan sem hefur verið lagt til grundvallar í íslenska lífeyrissjóðskerfinu.

Stýrivextir í mörgum seðlabönkum í iðnríkjum eru einnig lágir, við núllid eða neikvæðir af sömu ástæðu og hér á landi. Viða eru helstu innlánsvextir orðin neikvæðir.

Þegar horft er til lengri tíma má búast við að stýrivextir Seðlabankans hækki á ný þegar heimsfaraldurinn hjaðnar og hagvöxtur glædist á ný. Slíkt mun leiða til hækkunar á ávöxtun stuttra skuldbindinga

og lána með breytilegum vöxtum. Óvissara er hins vegar með framhaldið varðandi ávöxtun á skuldbindingum með lengri binditíma vaxta. Þar má búast við að ávöxtun haldist áfram lág í sögulegu samhengi vegna mikils framboðs lánsfjár, ekki síst áframhaldandi vaxandi fjársparnaðar í lífeyrissjóðum.

Lægri ávöxtun á skuldabréfum til vaxtabindingar til meðallangs eða langs tíma kann að hafa veruleg áhrif á það rekstrarlíkan sem í meginatriðum hefur verið lagt til grundvallar í íslenska lífeyrissjóðskerfinu. Hækka þarf iðgjöld eða skerða réttindi verði ávöxtun viðvarandi lægri en verið hefur. Hér þarf að hafa í huga að lægri vextir eru ekki séríslenskt fyrirbæri heldur hafa vextir farið lækkanði í flestum iðnríkjum allt frá aldamótum. Nú er svo komið að ávöxtun ríkisskuldabréfa í stærstu iðnríkjum eru í kringum núllid. Hugsanlegt er að þar gæti einnig áhrifa aukins fjársparnaðar eins og hér á landi, bæði vegna lífeyris og uppbyggingar opinberra fjárfestingarsjóða (e. sovereign wealth funds). Því er óvíst hvort unnt verði að bæta upp lága ávöxtun hér á landi með fjárfestingum erlendis.

Er íslensk króna orðin jafngild erlendri?



Konráð S. Guðjónsson
aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðherra um hertar aðgerðir á landamærunum er farið um víðan völl. Það sem þar er ekki að finna er þó sennilega athyglisverðast. Ekki er orði minnst á greiðslu-


jöfnuð, 19% veikingu krónunnar, gjaldeyrstekjur eða annað slíkt, þrátt fyrir að aðgerðinni sé beint að langstærsta uppruna gjaldeyris síðustu ára – ferðaþjónustu.

Fyrir lítið land með einhæfa framleiðslu er útflutningur grundvallarforsenda innflutnings sem er svo aftur mikilvægur þáttur í okkar neyslu, fjárfestingum og daglegu lífi. Því er ekki hægt að bera saman framlag innlendrar neyslu og útflutningstekna til landsframleiðslu eins og það kemur af skeppunni þar sem annað (neysla) er að talsverðu leyti háð

hinu (útflutningstekjum). Með einföldun má segja að ferðaþjónusta hafi séð fyrir þeim gjaldeyri sem þurfti til að flytja inn allar mat-, fjárfestingar- og neysluvörur auk flutningatækja árið 2019. Og gott betur (sjá mynd).

Hvort hertar aðgerðir séu efnahagslega skynsamlegar er í ljósi óvissunnar erfitt að fullyrða um. Þrátt fyrir að niðurstaða stjórnvalda sé skiljanleg og mögulega sú rétta, hringja háværar viðvörunarbjöllur þegar algjörlega er skautað fram hjá lyklatríði í leið að niðurstöðunni.

Utanríkisviðskipti 2019 (milljarðar króna)



1. liðurinn „ferðalög“ í ferðaþjónustuútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195

Ný sending af strigum



Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu verði



kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði



Íblöndunarefni fyrir akrýl og olíulíti.



AMSTERDAM
dream - create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson



Fátæktargildran

Hávært ákall eftir hækkun atvinnuleysisbóta kemur úr mörgum áttum. Auk Alþýðusambands Íslands hafa Bandalag háskólamanna og Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, kallað eftir því að hækka hámark tekju- tengdra atvinnuleysisbóta og lengja tímabil tekjutengingar. Ýmsir álitsgjafar taka í sama streng.

Ekki er nema mánuður síðan að BHM krafðist þess að ríkis- starfsmenn, sem þurfa að sæta fimm daga sóttkví eftir að hafa verið í utanlandsferð, fengju greidd laun fyrir þá daga sem sóttkvíin varir. Með öðrum orðum eiga þeir, sem hafa mesta starfsöryggið á þessum ölgu- tímum, að fá greitt fyrir að sitja með hendur í skauti. Þegar hag- kerfið stendur á bjargbrúninni vegna heimsfaraldurs telur stéttarfélagið ráðlegt að hvetja til óhóflegrar áhættusækni og fram- leiðslutaps.

Atvinnuleysisbætur á Íslandi eru nú þegar háar eins og rakið var af Önnu Hrefnu Ingimundar- dóttur, forstöðumanni efna- hagssviðs SA, í síðasta tölublaði Markaðarins. Hún benti á að ef horft væri til tekjulægri einstak- lina væri munurinn á tekjum fyrir og eftir atvinnumissi einn sá minnsti hér á landi borið saman við önnur OECD-ríki. Það gildir hvort sem horft er til tveggja mánaða eftir atvinnumissi eða tveggja ára.

Það að halda fólki sem missir vinnuna í fátæktargildru er ómannúðlegt. Drífa Snædal, forseti ASÍ komst svo að orði í nýjasta pistli sínum og óhætt er að taka undir þetta sjónarmið. Kerfi sem kemur í veg fyrir að fólk brjótist úr fátækt til bjarg- álna er samfélagslegt mein. Það á sérstaklega við á tímum lang- varandi atvinnuleysis sem getur haft djúpstæð félagsleg áhrif. Misskipting eykst og geðheilsa versnar.

Einmitt þess vegna skjóta til- lögur um hækkun bóta og veru- lega útvíkkun bótaréttar skökku við. Þær eru til þess fallnar að hafa letjandi áhrif á atvinnu- leitandi fólk með því að hækka förnarkostnaðinn við að koma aftur inn á vinnumarkaðinn. Ófugsúnir hvatar búa til fátæktargildruna sem Drífa varar við. Ef hún fær sínu framgennt – og það er gæfa þjóðarinnar að svo verði ekki – mun hagkerfið festast í viðjum atvinnuleysis.

Nýjustu vendingar í sóttvarna- málum eru ávisun á harðan vetur. Uppsagnarfrestur margra er að renna út og fyrirtæki sem rétt gátu haldið sér á floti yfir sumarmánuðina, en sjá ekki fram á að þrauka út veturinn, neyðast til að leggja niður starfsemi. Það væri algjört glapræði að veikja viðnámsþrótt hagkerfisins þegar mest liggur við.

Yfir fjórtán milljarðar teknir út

Tæplega sjö þúsund einstaklingar hafa frá því í apríl nýtt sér tímabundna heimild til útgreiðslu séreignar- sparnaðar og tekið út samtals 14,5 mill- jarða króna. Meðalgreiðslan fyrstu mánu- uðina var um hálf milljón króna.

Þetta kemur fram í tölum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið birti í gær, en þar er greint frá stöðu þeirra efnahagsaðgerða sem Benediktsson, fjármálaráð- herra



Bjarni Benediktsson, fjármálaráð- herra

þeim hefur fækkað hratt á milli mánaða. Þann 13. ágúst síðastliðinn höfðu verið greiddir út samtals rúmlega 18 milljarðar króna vegna hlutabótaleiðarinnar.

Þá voru 3.140 einstaklingar með lán í greiðsluhléi hjá bönkum og lífeyrissjóðum í byrjun ágúst mánaðar. Heildarskuldarnar námu um 84 milljörðum króna og meðalskuld hvers einstaklings var 26 milljónir. Fyrirtækin voru hins vegar 1.763 talsins og nema skuldir þeirra samtals um 275 milljörðum. Meðal- skuldir hvers fyrirtækis eru 156 milljónir. – hae

15.08.2020

Er ekki óhætt að hætta þrasi um stjórnarskrá nú þegar hægt er að ákvarða ferðafrelsi, funda- og at- vinnufrelsi og ganga á fríðhelgi einkalífsins með excel-skjali í fjár- málaráðuneytinu?

Sigríður Andersen, þingmaður



ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!

50% ALLT AÐ AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAD VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

TÖLVU LISTINN